

Lesskilningur er undirstaða alls náms!

Í stuttu máli: Það að geta lesið og skilið hvað maður er að lesa er undirstaða alls náms!

Lesskilningur er hæfileikinn til að lesa texta, vinna úr honum og skilja merkingu hans. Lesskilningur byggir m.a. á umkóðun og málskilningi. En að auki er bakgrunnsþekking lesanda mikilvæg ásamt ályktunarhæfni.

Hér eru spurningar sem gott er að hafa í huga þegar unnið er markvisst með lesskilning, en lögð er m.a. áhersla á að álykta, lesa á milli línanna, setja sig í spor bæði lesanda og höfundar. Að auki er augum beint að meginhugmynd texta og tengingum við okkar daglega líf.

Spurningunum er skipt upp í sex meginþemu og ég mæli með að gefa sér góðan tíma til að rýna í hvert þema og efla hvern þátt á meðan verið er að vinna markvisst með lesskilning.

LESSKILNINGUR


SPURNINGAR SEM GOTT ER AÐ HAFNA Í HUGA ÞEGAR VIÐ LESUM TEXTA.



LESANDINN

Hvaða bakgrunnsþekkingu ertu með sem getur hjálpað þér að tengja við textann?

Hvað gerir þú þegar þú lest orð sem þú skilur ekki?




TENGINGAR

Hvað minnir þessi texti þig á?

Hefur þú lesið svipaðan texta áður?

Getur þú tengt þitt daglega líf við þennan texta?



SPURNINGAR

Hvaða spurningar vakna þegar þú lest textann?

Ertu með spurningar fyrir höfundinn?

Hvað viltu vita meira um viðfangsefnið?



MEGINHUGMYNDIR

Geturðu lýst textanum í einu orði?

Hvaða hluti textans skiptir mestu máli?

Hvað kennir þessi texti þér?



ÁLYKTUN

Hvað geturðu sagt um aðalpersónuna sem er ekki skrifað í textanum?

Er eitthvað sem höfundurinn er að reyna að segja okkur án þess að skrifa það?



HÖFUNDURINN

Hvað er höfundurinn að reyna að gera?
Vill hann fræða, kenna eða skemmta okkur?

Til hvers er hann að skrifa þennan texta?

LESANDINN



SPURNINGAR SEM GOTT ER AÐ HAFNA Í HUGA ÞEGAR VIÐ LESUM TEXTA.



LESANDINN

Þegar við lesum nýjan texta, þá er gott að nýta textann til að auka þekkingu okkar og fá nýjar hugmyndir.


Hvernig getur þú notað það sem þú varst að lesa til að búa til þínar eigin hugmyndir?



LESANDINN

Hvaða bakgrunnsþekkingu ertu með sem getur hjálpað þér að tengja við textann?

Hvað gerir þú þegar þú lest orð sem þú skilur ekki?



LESANDINN

Minnir textinn þig á eitthvað sem þú hefur upplifað í þínu eigin lífi?

Myndir þú vilja búa þar sem sagan gerist?



LESANDINN

Notaðu skilningarvitin til að tengjast persónum, atburðum og lýsingum.


"Þegar ég les um þennan mat þá get ég ímyndað mér lyktina af"



LESANDINN

Búðu til myndir í huganum á meðan þú lest textann..

"Ég sé fyrir mér ..."



LESANDINN

Hvernig nýtist þessa nýja þekking mér í lífinu?

Get ég bætt einhverju við textann?

TENGINGAR




SPURNINGAR SEM GOTT ER AÐ HAFNA Í HUGA ÞEGAR VIÐ LESUM TEXTA.



TENGINGAR

Þegar við lesum þá er gott að tengja textann við það sem við þekkjum. Það hjálpar okkur að skilja og muna textann betur


Hvað veistu nú þegar sem getur hjálpað þér að skilja textann?



TENGINGAR

Getur þú tengt þitt daglega líf við þennan texta?

Getur þú tengt textann við:
atburði í þínu lífi
reynslu sem þú hefur upplifað
æskuna þína



TENGINGAR

Hvað minnir þessi texti þig á?

Hefur þú lesið svipaðan texta áður?

Minnir þessi saga þig á einhverja aðra sögu sem þú hefur lesið?



TENGINGAR


Minna persónurnar þig á einhvern sem þú þekkir?

Minna persónurnar þig á einhverjar aðrar persónur úr öðrum bókum?



TENGINGAR

Getur þú tengt textann við
aðrar bækur sem þú hefur lesið?
kvikmyndir sem þú hefur horft á?
tónlist sem þú hefur hlustað á?



TENGINGAR

"Þetta minnir mig á"

"Þegar ég les þetta þá hugsa ég um ..."

"Ég man þegar ..."

"Þetta minnir mig á aðra bók sem ég las ..."

SPURNINGAR




SPURNINGAR SEM GOTT ER AÐ HAFNA Í HUGA ÞEGAR VIÐ LESUM TEXTA.



SPURNINGAR

Það er mikilvægt að spyrja sjálfan sig spurninga sem tengjast lestextanum á meðan verið er að lesa.

Það er gott að spyrja sig spurninga áður, á meðan og eftir að textinn er lesinn.




SPURNINGAR

Hvaða persóna segir okkur söguna?

Hverjar eru aðalpersónurnar í textanum?

Hverjar eru aukapersónurnar í textanum?



SPURNINGAR

Þegar við spyrjum úr texta er betra að spyrja t.d. hvers vegna eða hvernig, í stað "Hvað" spurninga. En á þann hátt förum við dýpra í textann.



SPURNINGAR

Hvaða spurningar vakna áður en þú lest textann?

Hvað veit ég um þetta viðfangsefni núna?

Hvað held ég að ég muni læra þegar ég hef lesið textann?



SPURNINGAR

Hvaða spurningar vakna á meðan þú lest textann?

Af hverju gerist þetta?

Hvað ætli gerist næst?

Hvað viltu vita meira um viðfangsefnið?



SPURNINGAR

Hvaða spurningar vakna eftir að þú lest textann?

Hvernig útskýri ég viðfangsefnið fyrir öðrum?

Hvað lærði ég á því að lesa þennan texta?

MEGINHUGMYNDIR

SPURNINGAR SEM GOTT ER AÐ HAFNA Í HUGA ÞEGAR VIÐ LESUM TEXTA.



MEGINHUGMYNDIR

Þegar við lesum texta er gott að draga textann saman í huganum og sjá fyrir sér heildarmyndina.

Hver er tilgangurinn með textanum?



MEGINHUGMYNDIR

Þegar við lesum texta þá er gott að horfa á titillinn og kaflaheitin til að fá vísbendingar um meginhugmyndir textans.



MEGINHUGMYNDIR

Geturðu lýst textanum í einu orði?

Hvaða hluti textans skiptir mestu máli?

Hvað kennir þessi texti þér?



MEGINHUGMYNDIR

Það eru oft vísbendingar í textanum sem gefa til kynna hverjar meginhugmyndirnar eru:

feitletraður texti


myndir
lykilorð



MEGINHUGMYNDIR

"Þessi texti fjallar um ..."

Hvað er upphalds hlutunn þinn úr sögunni?



MEGINHUGMYNDIR

Ef þú gætir endurskrifað söguna, hvernig myndir þú láta hana enda?

ÁLYKTUN



SPURNINGAR SEM GOTT ER AÐ HAFNA Í HUGA ÞEGAR VIÐ LESUM TEXTA.



ÁLYKTUN

Þegar við lesum texta er gott að hugsa um hvað er búið að gerast og hvað á eftir að gerast.

"Af því að _____ gerðist, þá held ég að _____ muni gerast næst?"



ÁLYKTUN

Er hægt að lesa á milli línanna?

Er verið að gefa eitthvað í skyn sem er ekki skrifað?

Hvað gæti gerst næst?



ÁLYKTUN

Þegar við lesum texta er gott að hugsa t.d.

"Af hverju ætli ... ?"

"Hvað gerist næst?"

"Af hverju gerðist þetta?"



ÁLYKTUN

Hvað segja kaflaheitin okkur?

Hvað segja myndirnar okkur?

Getum við giskað út frá þeim hvað gæti gerst í sögunni?



ÁLYKTUN

Hvað geturðu sagt um aðalpersónuna sem er ekki skrifað í textanum?

Er eitthvað sem höfundurinn er að reyna að segja okkur án þess að skrifa það?



ÁLYKTUN

Þegar atburðir eiga sér stað, þá er gott að rýna í af hverju við teljum að atburðarrásin hafi farið í þessa átt og hvað hefði gerst ef atburðurinn hefði átt sér stað á annan hátt?

HÖFUNDURINN



SPURNINGAR SEM GOTT ER AÐ HAFI Í HUGA ÞEGAR VIÐ LESUM TEXTA.



HÖFUNDURINN


Hvað er höfundurinn að reyna að gera?
Vill hann fræða, kenna eða skemmta okkur?

Til hvers er hann að skrifa þennan texta?



HÖFUNDURINN

Eru atburðir textans byggðir á sönnum atburðum
sem höfundurinn upplifði sjálfur?



HÖFUNDURINN

Hvernig heldur þú að höfundinum hafi liðið
á meðan hann var að skrifa textann?



HÖFUNDURINN


Af hverju heldur þú að höfundurinn hafi valið
þennan titil?

Af hverju heldur þú að höfundurinn hafi valið að
láta söguna enda á þennan hátt?



HÖFUNDURINN

Ef þú gætir spurt höfundinn að hverju sem er,
hvað myndir þú spyrja hann?



HÖFUNDURINN

Getur þú endurorðað texta höfundarins
með þínum eigin orðum?